


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	ENSK1OM03	Haustönn 2019

Kennari	Anke-María Steinke	Sk.st.	AMS
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga eru undirstöðuatriði í ensku rifjuð upp svo að nemandi geti tekist á við nám í faginu á framhaldsskólastigi. Unnið með mærkvissar málfræði- og orðaforðaæfingar. Áhersla er lögð á lestur texta, bæði einfalda bókmenntatexta og texta almenns eðlis. Skilningur á töluðu máli er þjálfður með hlustun á rauntexa. Nemandinn er þjálfður í að tjá sig með viðeigandi orðalagi um almenn efni á ensku. Ritun er þjálfuð með fjölbreyttum æfingum þar sem áhersla er lögð á að skrifa texta á skipulagðan hátt eftir viðeigandi reglum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu grunnreglum í enskri málfræði
- algengustu orðum tungumálsins
- almennum rauntexum og einföldum bókmenntatextum
- almennu talmáli í samtölum, útvarpi og sjónvarpi

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita grunnreglum enskrar málfræði í tali og ritun
- skrifa stuttan samfelldan texta með viðeigandi uppsetningu
- hlusta eftir upplýsingum, bæði í samtali sem og útvarps- eða sjónvarpsefni
- geta fylgt eftir og tekið þátt í einföldum samræðum
- tjá sig um almenn málefni með viðeigandi orðalagi, munnlega og skriflega
- lesa almenna texta og einfalda bókmenntatexta
- byggja upp og bæta við orðaforða sinn með mismunandi aðferðum


Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna á fjölbreyttan hátt með almenna rauntexa og einfalda bókmenntatexta
- nýta orðaforða sinn á skýran og skilmerkilegan hátt í tal- og ritmáli
- beita grundvallaratriðum enskrar málfræði í tali og ritun
- beita virkri hlustun, skilja inntak samræðna sem og útvarps- og sjónvarpsefnis
- taka þátt í umræðum á ensku um það efni sem fjallað er um hverju sinni
- sýna frumkvæði, sjálfstæði í upplýsingaöflun, úrvinnslu upplýsinga og uppsetningu verkefna sem tengjast áhugasviði

Námsgögn:

ENSK1OM03 (fæst á skrifstofu VMA)

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	ENSK1OM03	Haustönn 2019

Áætlun um yfirferð:

Vika	Efni
20.-23.08.	Kynning og almenn upprifjun
26.08.-13.09.	Kafli 1 í <i>ENSK1OM3</i> , lestur, ritun, hlustun og málfræði (ákveðinn og óákveðinn greinir). Byrjað á áhugasviðsverkefnum
16.09.-04.10.	Byrjað á kafla 2 í <i>ENSK1OM03</i> lestur, ritun, hlustun og málfræði (persónufornöfn, afturbeygð fornöfn, sögnin 'to do' í nútíð og þátíð)
07.-11.10.	Þemavika. Þema valið í samráði við nemendur.
14.-23.10.	Haldið áfram með kafla 2 auk hlustunarefnis. Áhugasviðsverkefni klárað.
23.10.-08.11.	Kafli 3, í <i>ENSK1OM03</i> , lestur, ritun, hlustun og málfræði (einföld og samsett nútíð)
11.-29.11.	Kafli 4, í <i>ENSK1OM03</i> , lestur, ritun, hlustun og málfræði (eintala og fleirtala nafnorða, teljanleg og óteljanleg nafnorð)
02.-06.12.	Upprifjun


Verkefni:

Ýmis verkefni verða unnin í tímum og heima. Mikil áhersla er lögð á virkni og vinnusemi nemenda í tímum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Vægi
Kaflapróf eftir fyrstu 3 kaflana (3x10%)	30%
Verkefni tengt áhugasviði (fyrirlestur / veggspjald / ritgerð...)	10%
Lesskilningur (2x2.5%)	5%
Ritunarverkefni, (2x5%)	10%
Hlustun (2x2.5%)	5%
Þemaverkefni	10%
Lokapróf <u>ATH Nemendum ber að mæta í lokapróf.</u>	30%

Dagsetning: 20.08.2019



Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils